

Nd.

682. Nefndarálit

[124. mál]

um till. til þál. um framkvæmd lagaákvæðis um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja o. fl.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Minni hl. nefndarinnar átelur harðlega, að þetta mál skuli ekki koma til umræðu fyrr en raun ber vitni og ekki til meðferðar í nefnd fyrr en daginn fyrir þinglausnir. Minni hlutinn lítur svo á, að þessi málsmeðferð sé aðeins viðhöfð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, að málið geti fengið eðlilega athugun, og í raun til þess eins að svæfa það.

Það er skoðun minni hl. n., að sími sé svo nauðsynlegt öryggistæki fyrir aldr-
aða og öryrkja, að ekki verði undan því vikist að hið opinbera hlaupi undir bagga með þeim, sem minnst hafa efnin til að hafa slíkt tæki.

Minni hl. telur, að síðari hluti tillögunnar feli í sér skynsamlega stefnumótun í því skyni að létta ferðakostnað þeirra verst settu í þjóðfélaginu og síst of fast að orði kveðið, þar sem segir: „að fela ráðherra að beita sér fyrir“ úrlausn í því sanngirnismáli.

Minni hluti n. mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Alþingi, 3. maí 1977.

Garðar Sigurðsson,
frsm.

Karvel Pálmason.